

## Á æ t l u n

### um sumarferðir landpóstanna 1888.

	Póstleiðir.	Póststöðvar	5. ferð.	6. ferð.	7. ferð.	8. ferð.
<b>I. Vestanpóstur.</b>	<b>Milli Ísafjarðar og Reykjavíkur.</b>  <i>1. Frá Ísafirði.</i>	<i>Ísafjörður</i>	21. apríl	8. júní	14. júlí	18. ág.
		Vatnsfjörður	22. —	8. —	15. —	19. —
		<i>Bær</i>	23. —	9. —	16. —	20. —
		Márskelda	24. —	10. —	17. —	21. —
		<i>Hjarðarholt</i>	25. —	11. —	18. —	22. —
		<i>Arnarholt</i>	26. —	12. —	19. —	24. —
		Hestur	27. —	13. —	20. —	24. —
		Saurbær	28. —	14. —	21. —	25. —
		(Fossá)				
		Leirvogstunga	28. —	14. —	21. —	25. —
		<i>2. Frá Reykjavík.</i>	<i>Reykjavík</i>	9. maí	27. júní	4. ág.
	Leirvogstunga (Fossá)		9. —	27. —	4. —	5. —
	Saurbær		10. —	28. —	5. —	6. —
	Hestur		10. —	28. —	5. —	6. —
	<i>Arnarholt</i>		11. —	29. —	6. —	7. —
	<i>Hjarðarholt</i>		12. —	30. —	7. —	8. —
	Márskelda		13. —	30. —	8. —	8. —
	<i>Bær</i>		14. —	1. júlí	9. —	9. —
	Vatnsfjörður	15. —	2. —	10. —	10. —	
<b>II. Norðanpóstur.</b>	<b>Milli Akureyrar og Reykjavíkur.</b>  <i>1. Frá Akureyri.</i>	<i>Akureyri</i>	21. apríl	7. júní	14. júlí	18. ág.
		Möðruvellir	21. —	7. —	14. —	18. —
		Steinsstaðir	22. —	8. —	15. —	19. —
		<i>Viðmýri</i>	23. —	8. —	16. —	20. —
		Botnastaðir	23. —	9. —	16. —	20. —
		Reykir	24. —	9. —	17. —	21. —
		<i>Sveinsstaðir</i>	25. —	10. —	18. —	22. —
		Lækjamót	25. —	10. —	18. —	22. —
		Staðarbakki	26. —	11. —	19. —	23. —
		<i>Staður</i>	27. —	12. —	20. —	24. —
		<i>Arnarholt</i>	29. —	14. —	22. —	26. —
		Hestur	29. —	14. —	22. —	26. —
		Saurbær	30. —	15. —	23. —	27. —
	(Fossá)					
	Leirvogstunga	30. —	15. —	23. —	27. —	
	<i>2. Frá Reykjavík.</i>	<i>Reykjavík</i>	9. maí	27. júní	4. ág.	5. sept.
		Leirvogstunga (Fossá)	9. —	27. —	4. —	5. —
		Saurbær	10. —	28. —	5. —	6. —
		Hestur	10. —	28. —	5. —	6. —
		<i>Arnarholt</i>	11. —	29. —	6. —	7. —
		<i>Staður</i>	12. —	30. —	7. —	8. —
		Staðarbakki	12. —	30. —	8. —	8. —
Lækjamót		13. —	30. —	8. —	8. —	
<i>Sveinsstaðir</i>		13. —	1. júlí	9. —	9. —	
Reykir	14. —	1. —	9. —	9. —		
Botnastaðir	14. —	2. —	10. —	10. —		
<i>Viðmýri</i>	14. —	2. —	10. —	10. —		
Steinsstaðir	15. —	3. —	11. —	11. —		
Möðruvellir	16. —	4. —	12. —	12. —		

## III. Seyðisfjarðarpóstur.

Póstleiðir.	Póststöðvar.	5. ferð.	6. ferð.	7. ferð.	8. ferð.
Milli Akureyrar og Seyðisfjarðar.	<i>Akureyri</i>	20. apríl	7. júní	9. júlí	15. ág.
	Ljósavatn	20. —	7. —	9. —	15. —
	<i>Grenjadarstaður</i>	21. —	8. —	10. —	16. —
	Reykjahlið	22. —	9. —	11. —	16. —
	Grímsstaðir	23. —	9. —	12. —	17. —
	Skjöldólfsstaðir	24. —	10. —	13. —	18. —
	<i>Höfði</i>	25. —	11. —	14. —	19. —
	<i>Seyðisfjörður</i>	7. maí	18. júní	25. júlí	1. sept.
	<i>Höfði</i>	8. —	19. —	25. —	2. —
	Skjöldólfsstaðir	9. —	20. —	26. —	3. —
Grímsstaðir	10. —	21. —	27. —	4. —	
Reykjahlið	11. —	22. —	28. —	5. —	
<i>Grenjadarstaður</i>	12. —	23. —	29. —	6. —	
Ljósavatn	13. —	24. —	30. —	7. —	

Póstleiðir.	Póststöðvar.	5. ferð.	6. ferð.	7. ferð.	8. ferð.	9. ferð.	10. ferð.	11. ferð.	12. ferð.	
A. Milli Reykjavíkur og Breiðabólstaðar	<i>Reykjavík</i>	14. apr.	5. maí	25. maí	15. júní	5. júlí	25. júlí	15. ág.	5. sept.	
	Gljúfurárholt	15. —	6. —	26. —	16. —	6. —	26. —	16. —	6. —	
	<i>Hraungerði</i>	16. —	7. —	27. —	17. —	7. —	27. —	17. —	7. —	
	Ás	16. —	7. —	27. —	17. —	7. —	27. —	17. —	7. —	
	<i>Breiðabólstaður</i>	19. apr.	11. maí	30. maí	20. júní	10. júlí	30. júlí	20. ág.	10. sept.	
	Ás	20. —	11. —	30. —	20. —	10. —	30. —	20. —	10. —	
	<i>Hraungerði</i>	20. —	12. —	31. —	21. —	11. —	31. —	21. —	11. —	
	Gljúfurárholt	21. —	12. —	31. —	21. —	11. —	31. —	21. —	11. —	
	B. Milli Prestsbakka og Breiðabólstaðar	<i>Prestsbakki</i>	14. apr.	5. maí	25. maí	15. júní	5. júlí	25. júlí	15. ág.	5. sept.
		Rofabær	15. —	6. —	26. —	16. —	6. —	26. —	16. —	6. —
Vík		16. —	7. —	27. —	17. —	7. —	27. —	17. —	7. —	
Holt		16. —	7. —	27. —	17. —	7. —	27. —	17. —	7. —	
<i>Breiðabólstaður</i>		19. apr.	9. maí	29. maí	19. júní	9. júlí	30. júlí	20. ág.	10. sept.	
Holt		19. —	9. —	29. —	19. —	9. —	30. —	20. —	10. —	
Vík		20. —	10. —	30. —	20. —	10. —	31. —	21. —	11. —	
Rofabær		20. —	11. —	31. —	21. —	11. —	1. ág.	22. —	12. —	
A. Milli Prestsbakka og Bjarnaness.		<i>Prestsbakki</i>	23. apr.	14. maí	4. júní	25. júní	14. júlí	4. ág.	25. ág.	14. sept.
		Sandfell	24. —	15. —	5. —	26. —	15. —	5. —	26. —	15. —
	<i>Kálfafellsstaður</i>	26. —	17. —	7. —	28. —	17. —	7. —	28. —	17. —	
	<i>Bjarnanes</i>	29. apr.	20. maí	10. júní	1. júlí	20. júlí	10. ág.	31. ág.	20. sept.	
	Kálfafellsstaður	30. —	21. —	11. —	2. —	21. —	11. —	1. spt.	21. —	
	Sandfell	1. maí	22. —	12. —	3. —	22. —	12. —	2. —	22. —	
	B. Milli Eskifjarðar og Bjarnaness.	<i>Eskifjörður</i>	23. apr.	14. maí	4. júní	25. júní	14. júlí	4. ág.	25. ág.	14. sept.
		<i>Höfði</i>	23. —	14. —	4. —	25. —	14. —	4. —	25. —	14. —
		Arnhólsstaðir	24. —	15. —	5. —	26. —	15. —	5. —	26. —	15. —
		Höskuldsstaðir	25. —	16. —	6. —	27. —	16. —	6. —	27. —	16. —
<i>Djúpvogur</i>		25. —	16. —	6. —	27. —	16. —	6. —	27. —	16. —	
Stafafell		26. —	17. —	7. —	28. —	17. —	7. —	28. —	17. —	
<i>Bjarnanes</i>		29. apr.	20. maí	10. júní	1. júlí	20. júlí	10. ág.	31. ág.	20. sept.	
Stafafell		30. —	21. —	11. —	2. —	21. —	11. —	1. spt.	21. —	
<i>Djúpvogur</i>		1. maí	22. —	12. —	3. —	22. —	12. —	2. —	22. —	
Höskuldsstaðir		1. —	22. —	12. —	3. —	22. —	12. —	2. —	22. —	
Arnhólsstaðir	2. —	23. —	13. —	4. —	23. —	13. —	3. —	23. —		
<i>Höfði</i>	2. —	23. —	13. —	4. —	23. —	13. —	3. —	23. —		

6 Burtfarardagar póstanna frá endapóststöðvunum: *Reykjavík*, *Ísafirði*, *Akureyri*, *Seyðisfirði*, *Eskifirði* og *Prestsbakka* eru fastákveðnir við þá daga, er nefndir eru í ferðaáætluninni, þannig að ekki sje lengur tekið við böggul- og peningasendingum en til kl. 7 kveldið næsta á undan. Við millistöðvar eru til teknir þeir dagar, er póstarnir mega leggja á stað þaðan í *fyrsta lagi*, og ber að afgreiða póstinn þann dag, eða svo fljótt sem unnt er, eptir þann dag.

Þessir eru aukapóstar:

1. GULLBRINGUSÝSLUPOSTURINN, milli Reykjavíkur og Keflavíkur, leggur á stað frá *Reykjavík* daginn eptir komu aðalpóstanna að norðan og vestan, fer um *Hafnarfjörð* og *Kálfatjörn* til *Keflavíkur*, dvelur sólarhring þar, og snýr þá aptur sömu leið til Reykjavíkur.
2. MYRASÝSLUPOSTURINN fer frá *Arnarholti* í Mýrasýslu, svo fljótt sem unnt er eptir komu aðalpóstanna þangað frá Reykjavík, að *Borg* í Borgarhreppi og snýr þaðan þegar aptur að *Arnarholti*.
3. STYKKISHÓLMSPÓSTURINN, milli *Stykkishólms* og *Arnarholts*: fer á stað frá *Stykkishólmi* snemma morguns þessa daga:
 

22. apríl.	9. júní.	16. júlí.	20. ágúst.
------------	----------	-----------	------------

 kemur við á *Rauðkollsstöðum* og *Staðarhrauni* og snýr aptur frá *Arnarholti* sömu leið daginn eptir komu vestanpóstsins þangað frá Reykjavík.
 

Daginn eptir að póstur þessi er kominn frá *Arnarholti* að *Rauðkollsstöðum*, fer aukapóstur þaðan um *Staðastað* og *Búðir* til *Ólafsvíkur* og snýr aptur eptir sólarhringsdvöl þar sömu leið að *Rauðkollsstöðum*.
4. DALASÝSLUPOSTARNIR eru tveir:
  - a) Fer annar frá *Stað* í *Hrútafirði* í síðasta lagi á 3. degi eptir að norðanpósturinn er kominn þangað frá *Akureyri*, um *Hjarðarholt* í Dölum og *Breiðabólstað* á Skógarströnd til *Stykkishólms*, og eptir sólarhringsdvöl þar, snýr hann aptur sömu leið að *Stað* í *Hrútafirði*.
  - b) Hinn pósturinn fer frá *Hjarðarholti* í Dölum fram *Fellsströnd* um *Staðarfell* og *Skarðsströnd* að *Skarði* og þaðan alla leið að *Márskeldu*. Þaðan snýr hann þegar aptur stytztu leið að *Hjarðarholti* í Dölum.
5. BARÐASTRANDARSÝSLUPOSTURINN fer frá *Bæ* í *Reykshólasveit* morguninn eptir að vestanpóstur er þangað kominn frá Reykjavík, fer um *Brjámslæk* og *Bildudal* að *Vatneyri* og snýr aptur eptir sólarhringsdvöl um *Brjámslæk* að *Bæ*.
6. ÍSAFJARÐARSÝSLUPOSTARNIR eru tveir og fara frá *Ísafirði* þegar eptir komu vestanpóstsins þangað:
  - a) Fer annar um *Holt* í *Önundarfirði* að *Þingeyri* við *Dýrafjörð* og snýr þaðan aptur eptir 12 tíma dvöl sömu leið til *Ísafjarðar*; þó má póstur þessi, eptir nánari ákvörðun póstaafgreiðslumannsins á *Ísafirði*, þegar nægur tími er til, fara allt að *Rafnseyri* við *Arnarfjörð*.
  - b) Hinn fer sjóleidis frá *Ísafirði* til *Snæfjalla*, þaðan til *Staðar* í *Grunnavík* og þaðan aptur til *Hesteyrar* í *Sljettuhreppi*, og síðan, sem fyrst unnt er, sömu leið aptur til *Ísafjarðar*.
7. STRANDASÝSLUPOSTURINN fer frá *Stað* í *Hrútafirði* daginn eptir komu norðanpóstsins þangað frá Reykjavík, fer um *Borðeyri* og *Prestsbakka* og þaðan um *Kirkjuból* til *Kálfness* að *Kúvíkum* við *Reykjarfjörð* og snýr þaðan aptur eptir sólarhringsdvöl sömu leið að *Stað*.
8. HÚNAVATNSSÝSLUPOSTARNIR eru tveir:
  - a) Fer annar frá *Sveinsstöðum* daginn eptir komu norðanpóstsins þangað frá Reykjavík, um *Blönduós* til *Skagastrandar* verzlunarstaðar, og snýr þaðan aptur eptir sólarhringsdvöl sömu leið að *Sveinsstöðum*.
  - b) Hinn fer frá *Sveinsstöðum* einnig eptir komu Reykjavíkurpóstsins þangað, um *Vesturhóshóla* að *Tjörn* á *Vatnsnesi* og snýr aptur þaðan eptir 6 tíma dvöl sömu leið að *Sveinsstöðum*.
9. SIGLUFJARÐARPÓSTURINN leggur á stað frá *Víðimýri* daginn eptir komu norðanpóstsins þangað frá Reykjavík; fer um *Sauðárkrók*, *Hofsós* og *Haganes* til *Sigluftarðar* og snýr aptur sömu leið eptir sólarhringsbið þar.
10. EYJAFJARÐARSÝSLUPOSTURINN fer frá *Akureyri* daginn eptir komu norðanpóstsins þangað frá Reykjavík, að *Tjörn* í *Svarfadaral* og snýr aptur eptir sólarhringsdvöl þar.
11. ÞINGEYJARSÝSLUPOSTARNIR eru tveir:
  - a) Fer annar frá *Akureyri* þegar eptir komu Reykjavíkurpóstsins þangað austan *Eyjafjarðar* út í *Höfðahverfi* að *Grenivík* (*Grýtabakka*), og snýr aptur þaðan eptir 6 tíma dvöl til *Akureyrar*,

- b) Hinn pósturinn fer frá *Grenjaðarstað* undir eins eptir að Seyðisfjarðarpósturinn er kominn þangað frá Akureyri; fer um *Húsavík*, *Skinnastaði*, *Presthóla*, *Rauvarhöfn*, *Svalbarð* í Þistilfirði og *Sauðanes* til *Vopnafjarðar*; snýr þaðan aptur sömu leið eptir sólarhringsdvöl; þó biður hann Múlasýslupósts.
12. MÚLASÝSLUPÓSTARNIR eru tveir:
- a) Fer annar frá *Höfða* í Vallahreppi undir eins og Seyðisfjarðarpóstur er kominn þangað frá Akureyri um *Hrafnabjörg* til *Vopnafjarðar* og snýr aptur þaðan eptir sólarhringsdvöl sömu leið að *Höfða*.
- b) Hinn pósturinn fer frá Eskifirði þegar eptir komu póstsins þangað frá Bjarnanesi, um *Kolfreyjustað* að *Stöð* í Stöðvarfirði, og snýr aptur sömu leið eptir 6 tíma dvöl. Þessi póstur má stytta sjer leið með sjóvegsflutningi yfir Reyðarfjörð og Fáskrúðsfjörð, ef veður leyfir.
13. VESTMANNAEYJAPÓSTURINN fer frá *Breiðabólstað* að *Ljótarstöðum* daginn eptir komu austanpóstsins frá Reykjavík og snýr þegar aptur að Breiðabólstað. Þegar póstattaskan kemur frá Vestmannaeyjum að Ljótarstöðum, skal henni komið svo snemma að Breiðabólstað, að hún komi á austanpóstinn á leið hans til Reykjavíkur.
14. ÁRNESYSLUPÓSTARNIR eru þrír, og fara þeir allir á stað frá *Hraungerði*, svo fljótt sem unnt er, eptir komu austanpóstsins þangað frá Reykjavík.
- a) Einn þeirra fer um *Ólafsvelli* að *Reykjum* á Skeidum,
- b) annar að *Arnarbæli* í Grímsnesi, og snúa báðir þessir póstar þegar aptur að *Hraungerði*.
- c) Þriðji pósturinn fer ofan á *Eyrbakkka*, og snýr þaðan aptur morguninn eptir að *Hraungerði*.

Reykjavík, 23. febr. 1888.  
Landshöfðinginn yfir Íslandi.  
*Magnús Stephensen.*

*Jón Jenson.*

Brjef landshöfðingjans til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um endurgjald á styrk veittum þarfamanni til Ameríkufærðar.—Með þóknanlegu brjefi 11. p. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer brjef frá sýslumanninum í Gullbringu og Kjósarsýslu, með 8 fylgiskjölum, og áfrýjar hann til mín í brjefi þessu, eptir beiðni hreppsnefndarinnar í Vatnsleysustrandarhreppi, úrskurði yðar, dags. 29. nóvbr. f. á., en með honum var ákveðið, að 366 kr. styrkur, er Daníel nokkur Grímsson hafði fengið úr fátækra sjóði Vatnsleysustrandarhrepps vorid 1885, til þess að geta flutzt þaðan með fjölskyldu sinni til Vesturheims, ekki gæti álitizt löglega veittur sveitarstyrkur, er Vatnsleysustrandarhreppur gæti krafizt endurgjalds á frá framfærslusveit Daníels, sem er viðurkennt að sje Reykholtaldshreppur í Borgarfjarðarsýslu.

Fyrir því vil jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg er yður samdóma um, að ofangreindur styrkur sje þess eðlis, að hann hafi eigi að lögum getað verið veittur sem sveitarstyrkur, og að Reykholtaldshreppi, sem framfærsluhreppi hlutadeiganda, geti því eigi orðið gjört að skyldu að endurgjalda dvalarhreppnum, Vatnsleysustrandarhreppi, slíkan styrk.

Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um styrk til búnaðarfjelaga og Eyðaskóla. — Út af fyrirmælum hinna núgildandi fjárlaga í 10. gr. C 4, c, um styrk til búnaðarfjelaga og Eyðaskóla, skal jeg þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að annast um, að bænarskrár um styrk þennan verði komnar ásamt með tillögum hlutadeigandi sýslunefnda svo tímanlega til yðar, að þær verði fram lagðar á næsta aðal-